Transect 3 was located on the raised southern bank of the Öxará, approximately 40 to 80m south of the Thingvallabær farm house. The area presently includes open birch woodland and grassed meadow. The southern end of the transect was adjacent to the northern edge of a set of previously excavated test trenches and turf structures; the transect was intended to map the limits of any traces of cultural debris related to this occupation. The 39m long transect was tested with 15 soil cores in 3m intervals (numbered Tests 22 to 35).

Tests along this transect showed that a medium brown turfy organic silt was present throughout the area, extending from under vegetation to depths of about 30 to 75cm. In some locations, it was impossible to extend cores deeper than 30-35cm below surface, due to the presence of loose rock or bedrock. Trace quantities of charcoal were identified in the top 30cm of almost all of these tests. In Tests 23, 25, 26, 28, 32 and 33, charcoal ranging from trace quantities to patches of chunks larger than 3mm diameter were noted from approx. 30 to 90cm below surface.

Core testing demonstrated the presence of a thin scatter of cultural debris and perhaps a thin, midden deposit approximately 3 to 9m east of the easternmost trenched turf structure (in Tests 23 to 25). Small numbers of well-fragmented calcined bones were observed in Tests

23 and 25 in upper soil layers as well as in Test 29. Further, a body of greasy, red-brown peat and possibly peat ash was observed in Test 25, at a depth of 70-80cm below surface. Finally, very thin lenses of fine grey sediment, either wood ash or tephra, were observed in Test 24 at approx. 80cm below surface and, in Test 25, at 50cm below surface. In general, all forms of cultural debris were less common in the east of the transect.

Transect 4: Thingvallabær and Thingvallakirkja Churchyard

A fourth transect of soil core tests was located along the southern margin of the grassed yard of the Thingvallabær farm house just north of a copse of woods, in the hope of avoiding any soil disturbance related to modern landscaping around the farm house. It also runs into an area of boggy ground south of the Thingvallakirkja churchyard, adjacent to the shore of the Öxará. This transect was 77m long and included 21 tests in 3m intervals, excepting a disturbed area housing a buried tank or cistern.

Tests 36 to 41 showed a relatively thin layer of light to medium brown turfy, silty soil 15 to 55cm thick, with patches of fine, silty, red turfy soil, in the southeastern-most corner of the farmhouse yard and adjacent garden. These soils overlaid a layer of grayish silt and gravel and rock. These lower layers were water-saturated in 2003 and exuded an odour distinctive of reduction reactions.

In Tests 42 to 47, the surficial layer of brown silty, turfy soil, from 30 to 50cm thick, included thin scatters of charcoal and calcined bone (especially in Tess 42, 43, 46 and 47). Small fragments of rotten wood, patches of peat ash and fragments of decomposed turf were also present in this layer, possibly suggesting that this layer includes poorly sorted fill or was disturbed by other means. Beneath this, alternating layers of dark grey organic silt and red-brown silty turfy soil, containing charcoal lenses and occasional charcoal chunks, wood bits and some calcined bone fragments, were generally present to depths of about 90 to 150cm. Tests 45, 46, and 47 contained the most notable traces of organic remains in Transect 4. Most of the charcoal was present between 30-70cm below surface. Traces of charcoal were, however, were observed as deep as 110cm below surface and calcined bone was recovered from below 125cm below surface. Sediments were completely waterlogged muds at approx. 90-120cm below surface.

The tests immediately south of the farmhouse (Tests 48 to 53) all had medium brown silty, turfy soil with charcoal flecks under the modern grassy ground surface. This layer was thin however, as rocks or dense angular gravels were found everywhere between 10 and 30cm

below surface. Both the rock and the topsoil may be redeposited spoil or fill, related to the construction of the house and subsequent landscaping.

Three final soil core tests (Tests 54 to 56) were made extending from the western edge of the grassed yard into a very wet boggy area. These tests found densely fibrous, waterlogged organic-rich peat with thin silty layers extending down to 60 to 90cm below surface. Some traces of charcoal, peat ash and wood fragments were observed in the upper 30cm of Tests 54 and 55, but very little in comparison to Tests 45 to 47.



Figure 1: Map of Soil Core Tests made in 2003

Transect 5

Transect 5 was a small series of tests (Tests 57 to 59) running from the top to the bottom of a hillock in a open meadow approximately 30m southeast of the Thingvallabær farmhouse. These tests, along with those of Transects 6, 7 and 8, were intended to determine if scatters of refuse materials were present in meadow areas away from the farmhouse and already documented turf structures, such as those related to outbuildings and to soil amendment.

The upper 30 cm of sediment in soil cores from transect 5 tests was comprised of dark

to medium brown organic silt with some charcoal and traces of calcined bone and small patches of pale brown-orange silty, turfy soil, possibly indicting some local soil disturbance and amendment of soils in the meadow with household or fuel wastes. Charcoal and calcined bone fragments were most common in Test 57, at the top of the hillock. Under this, to depths of approx. 40 to 50cm, was medium brown-orange turfy organic silt. Traces of charcoal were observed in the lower portion of Test 57 at the top of the hillock but not in the others. The tests ended in rock at depths of about 50cm.

Transect 6

Transect 6 consisted of four soil tests extending from the top to the bottom of a hillock about 30m south of the Thingvallabær farmhouse. These tests had thin (approx. 30 cm thick) layers of light to medium brown organic silty soils. Flecks of charcoal and traces of calcined bone were present in this upper layer in Tests 66 and 67, at the bottom of the slope. Beneath the surficial soil were clean, brown, silty sediments, coarse sand and impenetrable rock, except at the base of the slope (Test 67). In that test, a sterile underlying layer of medium brown to orange turfy silty soil with some iron staining was observed between 30 and 60cm below surface was observed, along with a final layer of pale yellow brown silty soil, terminating in rock as 68cm below surface.

Transect 7

Transect 7 extended from the top of a hillock in the meadow southeast of the Thingvallabær farmhouse, approximately 15m east of Transect 6 and 20m west of Transect 5. It consists of four tests; three tests on the top and north-facing slope of the hillock and one at the very base of the gully beneath it. These tests were intended to fulfill the same sampling purposes as Transects 5 and 6, while the test in the gully bottom (Test 60), was in addition intended sample a location where any refuse accumulation in the immediate vicinity would likely accumulate through fluvial, colluvial or aeolian processes.

Test 60, locate din the damp bottom of the gully, had an overlying layer, approximately 30cm deep, of thick turf and light brown turfy organic silt with some traces of charcoal visible between 25 and 30cm below surface. Orange-brown, turfy, organic silt was observed from about 30 to 60cm below surface, with traces of charcoal and calcined bone. Beneath this, from about 60 to 90cm below surface, was light brown somewhat organic silt with thin darker brown organic soil laminations.

The cores on the adjacent slope (Tests 61 to 63) had surficial soil layers of firm, medium brown, turfy, organic silt between 25 to 30cm thick, overlying red-brown organic silt. Tests 61 and 62 had traces of calcined bone and charcoal in the upper soil layer. Test 61, at the top of the slope, had an additional layer of dark turfy soil associated with charcoal, suggesting that there might be a buried cultural layer or at least a buried soil containing cultural refuse, in this location.



Figure 2: Map of Soil Core Tests in Transects 1 and 2 around Biskupshólar

Transect 8

Transect 8 consisted of three core tests (Tests 68 to 70) and was located by itself on high ground in an open meadow about 60m east of the Thingvallabær farmhouse, adjacent to some modern gardens. These tests found a thin surficial soil layer of medium brown organic silt without visible cultural refuse. The presence of mottles of red-brown turfy organic silt in Test 70, however, may indicate some previous soil disturbance in this location.

Summary of Results and Possibilities for Future Work

The soil core survey reported here was intended as a brief and initial sub-surface survey of the Thingvallabær locality. Four general portions of the site were tested with 70 soil cores arrayed in eight transects. These areas included the Biskupshólar turf structure, an open meadow adjacent to a cluster of other turf structures, the southern edge of the yard around the Thingvallabær farmhouse and Thingvallakirkja churchyard, and portions of a large, open meadow south and east of the Thingvallabær farmhouse. These soil core tests were thereby intended to sample subsurface deposits near known areas of occupation of the ancient Thingvellir and Thingvallabær sites, and areas without known occupation but which might have received archaeological inputs through limited forms of occupation or building, or through deposition of refuse or soil amendment.

This project found no obvious evidence of dense midden accumulations of the scale of those excavated in recent years at many permanent Viking Period and Medieval farm sites in Iceland. Nevertheless, several zones with less dramatic scales of accumulation of cultural debris were defined.

A modest component of cultural detritus was found around the north and east walls of the Biskupshólar turf structure. These materials included charcoal flecks and calcined bone, which were most plentiful in the vicinity of the corner between that structure's northwestern and northeastern walls, at depths of approx. 40 to 60cm below surface. Most traces of cultural refuse around this structure were buried 30cm or more below the modern ground surface, suggesting that this refuse was deposited at or near the level of bedrock, near the waters edge, and that there may have been little post-medieval disturbance of this particular structure. Soil mixing processes may however, have, disturbed any buried occupational level.

A second modest concentration of refuse (charcoal, calcined bone and possible peat and wood ash) was noted around Test 25, near previously tested turf structures southwest of the Thingvallabær farmhouse. Finally, a third concentration of organic materials (charcoal, calcined bone, peat ash and wood fragments) was observed in the vicinity of Tests 45 to 47, east of the Thingvallabær farmhouse, at the southern edge of its rear yard. These materials were present at considerable depth, from 30cm down to about 120cm below surface, but are of ambiguous age given obvious modern efforts at landscaping which have likely included infilling and leveling, around the farmhouse.

Tests in the grassy meadows east and south of the Thingvallabær farmhouse did not define notable concentrations of cultural refuse, except in two locations at the top of small

hillocks (Tests 57 and 61) where quite modest and ambiguous concentrations of charcoal and calcined bone were noted in sub-surface sediments. Nevertheless, trace quantities of organic remains were found in surficial soils in most tests throughout the meadow areas, possibly indicating that household or fuel wastes were distributed in broadcast fashion to local fields as a means of amending local soils.

In light of the results of this very limited survey, future soil core survey work at the site might usefully concentrate on wooded areas south and north of the Thingvallabær farmhouse and around Test 25 (Transect 3), areas that were not tested in 2003. As well, deep cores might be necessary to determine the presence of well-buried midden deposits in the lawn-covered yard east of the farmhouse. The three locations with more concentrated cultural materials identified in 2003, noted above, should be tested in more systematic fashion, in order to sample their contents and to better evaluate their distribution and age.

Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson:

Hegranesþing

Á Hegranesi norðaustanverðu er stór rústaþyrping sem sögð er vera leifar Hegranesþings í Skagafirði. Hegranesþings er getið í nokkrum sögum, t.d. í *Grettis sögu* (*ÍF* VII:229), *Ljósvetninga sögu* (*ÍF* X:83), og í *Guðmundar saga* (*Biskupa sögur* I:490). Athyglisvert er að svo virðist sem þingminjarnar hafi veirð týndar á 18. öld. Þegar Árni Magnússon spurðist fyrir um þingið í upphafi 18. aldar fékk hann þær upplýsingar frá sóknarprestinum að enginn vissi hvar þingið hafi verið haldið. Hinsvegar væri rústaþyrping norðan við bæinn Garða, sem sumir töldu vera búðir sjómanna eða kaupmanna, en presturinn lagði til að þar gæti þingið hafa verið haldið. (Chorographica 1955:94-95). Finnur Magnússon (*FF*: 615-639) nefnir í stuttu yfirliti til fornleifanefndar frá 1816-17 að leifar gamals þings sé að sjá í Hegranesi. Fyrsta nákvæma lýsing á minjunum kemur frá Kålund 1879. Hann segir minjar sjáanlegar norðan við Garða, og taldi um 40 búðir og hringlaga tóft, um 4 faðma í þvermál, sem gat verið dómhringur (Kålund, Bidrag, 1879:78-79). Sigurður Vigfússon (Árbók 1892:110-117) skoðaði þennan sama stað fáeinum árum síðar og taldi 46 búðir og fann tvo hringa. Hann áleit þarna einnig vera garðlög og tóftir frá síðari tímum. Annan hringinn mældi Sigurður 90 fet og taldi vera lögréttu þá sem nefnd er í *Grettis sögu* (*ÍF* VII:230). Brynjúlfur Jónsson (Árbók 1901:20-23) skoðaði einnig staðinn og tók heilshugar undir þá túlkun Sigurðar. Daniel Bruun (1899:31-35) gerði allnákvæman uppdrátt af staðnum 1896. Þar eru alls um 80 tóftir sýndar á Hegranesi. Bruun reyndi að greina á milli sýnilegra tófta og taldi að eftir að þingið hafði verið yfirgefið hafi bær verið reistur þar og tún með túngarði sett yfir staðinn.

Árið 1974 var gert rask í austanverðum minjastaðnum er vegagerðin skemmdi hluta einnar

tóftar með jarðýtu. Þjóðminjasafn rannsakaði þessa tóft árið eftir. Í ljós kom að nær hálf tóftin hafði verið eyðilögð, en sá helmingur sem eftir var sýndi að undirstöður veggja höfðu verið úr grjóti, með tvöfaldri röð af steinum, og torfhleðslu ofan á. Kol og brennd bein fundust innan tóftar en ekkert eiginlegt gólflag. Innan tóftarinnar voru litlar stoðarholur, um 5-7 sm í þvermál. Niðurstöður uppgraftarins gefa til kynna að tóftin hafi verið e.k. dvalarstaður, en ekki til langdvalar, og því gæti hún mögulega hafa verið þingbúð. (Guðmundur Ólafsson og Mjöll Snæsdóttir, Árbók 1976:78).

Uppmæling og yfirborskönnun 2003

Sumarið 2003 voru minjar á Hegranesþingi mældar upp og kortlagðar. Þegar þær minjar sem nú eru sjáanlegar eru bornar við lýsingar á staðnum frá 19. öld, virðist sem staðurinn hafi ekki skemmst mjög mikið. Í aðalatriðum má segja að þar séu misstórar tóftir, sem flestar snúa eins, þ.e. N-S, og liggja í u.þ.b. þremur röðum, hver af enda annars. Bruun taldi sig sjá fleiri, en ógreinilegri tóftaraðir ofar (vestar), en ekki voru ummerki um þær sýnilegar við yfirborskönnun 2003.

Ástand minjastaðarins er betra en flestra þeirra svonefndu þingstaða sem til þessa hafa verið kannaðir á síðustu árum. Tóftir sem voru nyrst austanmegin eru horfnar, og tóftir sem liggja með austurbrúninni eru að skemmast. Bakkinn er að blása og úr honum hrynur laus malarjarðvegurinn. Í brattanum austan undan staðnum má sjá einstaka stein sem líklega er hleðslugrjót. Tóftir sem nefndar eru nyrst á staðnum finnast ekki lengur. Þar voru a.m.k. 5 tóftir sem nú eru flestar horfnar eða illgreinilegar. Fyrri rannsakendur hafa talið vera lls um 40-50 tóftir í þessum þremur röðum, en okkur telst að þar séu um 35, og eru sumar ógreinilegar en flestar allglöggar. Sunnan megin á þingstaðnum er gamall túngarður, og stórt hringlaga gerði við hann. Innan hans sunnantil eru miklar rústir sem minna á bæjarrústir. Líklega hefur þar verið reistur bær og kirkja, sem farið hafa í eyði fyrir nokkrum öldum síðan.


0
50
100
m
N
Hegranesþingstaður
Skagafjarðasýslu
GPS-mæling
Júlí 2003
GG


Hegranesþingstaður



Fornleifar á Hegranesþingi

Heimildir

Adolf Friðriksson (1994). Sagas and popular Antiquarianism in Icelandic Archaeology. Aldershot, Avebury.

Biskupa sögur I (1858-1878). Kh.

Bruun, D. (1899). "Arkæologiske undersögelser paa Island foretagne i sommeren 1898" Árbók hins íslenzka fornleifafélags. Fylgirit 1899:2 47. **1899**: 2-47.

Brynjúlfur Jónsson (1901). "Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900." Árbók Hins íslenzka fornleifafélags: 7-27.

Chorographica: Árni Magnússon (1955). Chorographica Islandica. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

FF: Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823 (1983). Sveinbjörn Rafnsson. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar.

Guðmundur Ólafsson og Mjöll Snæsdóttir (1975 (1976)). "Rúst í Hegranesi." Árbók Hins íslenzka fornleifafélags: 69-78.

ÍF VII: Grettis saga Ásmundarsonar. … Íslenzk fornrit VII. Reykjavík.

ÍF X : Ljósvetninga saga… (1940), Íslenzk fornrit X, Reykjavík.

Kålund, P. E. K. (1879). Bidrag til Topografisk-Historisk Beskrivelse af Island. Kh.

Sigurður Vigfússon (1888-1892 (1892)). "Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886." Árbók Hins íslenzka fornleifafélags: 76-123.

Hildur Gestsdóttir:

Fornleifarannsókn á Hegranesþingstað 2003

Með viðbótum eftir Colleen Batey og Magnús Sigurgeirsson.

Inngangur

Markmið og aðferðafræði

Fornleifauppgröftur fór fram á Hegranesþingstað í Skagafirði dagana 30. júní til 11. júlí 2003. Markmið rannsóknarinnar var að athuga aldur og gerð búðaminja, og aldur og hlutverk garða á svæðinu, og meta möguleika á frekari rannsóknum á þingstaðnum í framtíðinni. Grafin voru upp tvö svæði: svæði 1 er syðst á minjasvæðinu, á mörkum hringlaga garðs, sem er um 30 m í þvermál, og stærri garðs sem umlykur um 8000 m² stórt svæði. Þessir garðar virðast vera seinni tíma mannvirki, þ.e. yngri en þingstaðurinn. Ekki eru til ritaðar heimildir um hlutverk þeirra, en fræðimenn sem skoðuðu Hegranesþingstað á 19. öld settu fram ýmsar tilgátur, t.d. að hringlaga garðurinn væru leifar dómhrings, og að sá stærri væri túngarður sels, eða jafnvel býlis (Adolf Friðriksson, 1994). Svæði 2 var yfir einni búð á minjasvæðinu norðanverðu, en sú búð hefur eitthvað skemmst þar sem rofabarð afmarkar austurhluta svæðisins.

Rannsóknaraðferðir voru þær sömu og beitt hefur verið við fornleifauppgreftri Fornleifastofnunnar Íslands. Torf og yfirborðaslög voru fjarlægð með handafli. Grafið var eftir jarðlögum í einum fleti, eftir hinni svonefndu Harris Matrix aðferð (*single context*



Mynd 1. Yfirlit af Hegranesþingstað

planning). Einnig var stuðst við snið þar sem við átti. Hverju jarðlagi, skurði og fyllingarlagi (samheiti *context* eða eining) var gefið númer. Allar einingar voru teiknaðar og í sumum tilfellum ljósmyndaðar, bæði á litskyggnur og stafræna myndavél, og skráðar á sérstakt eyðublað.

Samhliða uppgreftinum fóru einnig fram GPS-uppmælingar á því svæði þar sem minjar eru sýnilegar á yfirborði, og verða þær nýttar til að gera yfirborðskort af Hegranesþingstað.

Þessi rannsókn var þáttur í verkefninu *Þinghald að fornu*, en verkefnisstjórar eru Adolf Friðriksson og dr. Sigurður Líndal. Verkefnið er styrkt af Kristnihátíðarsjóði og unnið í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag og Þjóðminjasafn Íslands.

Sérstaklega ber að þakka Ragnheiði Traustadóttur, stjórnanda Hólarannsóknarinnar, en hún útvegaði húsnæði, fæði og aðra aðstöðu fyrir leiðangurinn, og auk þess unnu þrír nemar úr fornleifaskóla Hólarannsóknarinnar við uppgröftinn. Einnig ber að þakka aðstandendum Félagsbúsins Garði, landeigendum, fyrir að veita leyfi til uppgraftar.

Starfsmenn við uppgröftinn voru Astrid Daxböck (Hólarannsókn), Hildur Gestsdóttir (FSÍ - stjórnandi uppgraftar), Inga Sóley Kristjönudóttir (Hólarannsókn), Oscar Aldred (FSÍ) og Óðinn Haraldsson (Hólarannsókn). Garðar Guðmundson (FSÍ) sá um GPS-uppmælingar og Magnús Á Sigurgeirsson greindi gjóskulög.

Niðurstöður uppgraftar

Svæði 1

Svæði 1 var ferhyrnt að lögun, 5,4 x 7,1m og aflangur skurður í suður frá suðvestur horni svæðisins, sem var 5,9m á lengd, 1,0 á breidd, fyrir utan syðstu 2,0m sem voru 2,5m á breidd. Yfirborðslagið [01] lá í suðurenda svæðisins yfir [02] sem var ljósbrún mold sem lá ofan í troðnum slóða [08] sem fylgdi ytri brún stærri garðsins. Þessi slóði var um 50cm á breidd og um 10cm á dýpt, en var ógreinilegastur þar sem hann beygði fyrir hornið á garðinum. Gjóskan úr Heklugosinu 1766 lá að hluta niður í troðninginn, en hefur líklegast eitthvað verið troðið niður í hann, og er því ekki ólíklegt að hann hafi verið í notkun bæði fyrir og eftir að gjóskan féll.

Í norðurenda svæðisins lá yfirborðslagið yfir mósöskubletti, [09], 91cm í þvermál og 5cm þykkur sem lá svo yfir [10] = [19], sem var 20cm þykkt vindborið lag sem lá upp að báðum görðunum á uppgraftarsvæðinu, og bendir til þess að ekki hafi verið um mannaferðir á svæðinu í þó nokkurn tíma áður en H-1766 gjóskan féll.

Mynd 2. Svæði 1

Við uppgröftinn kom í ljós að hringlaga garðurinn er að mestu byggður úr torfi eftir 1104. Sá stærri var úr sjávargrjóti, ekki hlaðinn, heldur hafði grjótinu einungis verið hrúgað upp til að mynda garðinn [25]. Grjótið úr honum lá að hluta yfir hringlaga garðinn, og því er stærri garðurinn yngri (sjá mynd 2). Skarð er í hringlaga torfgarðinn þar sem sá stærri [25] liggur yfir hann, en ekki er ljóst hvort að þetta er rof vegna seinni tíma garðsins, eða inngangur í hringlaga gerðið. Prufuskurður (0,8 x 2,5m) var tekinn í gegn um stærri garðinn [25] í norðaustur til að staðfesta að það grjót sem sást á yfirborði væri ekki hrun úr stærra mannvirki. Grjótinu í garðinum hafði verið hrúgað upp yfir eldri mannvistarlög, [20] sem var blandað torflag.

Í skurðinum suður frá suðaustur horni uppgraftarsvæðisins, inni í hringlaga mannvirkinu, var torfblandað lag með hreyfðri H-1104 gjósku [22], 10cm þykkt, sem í norðurenda skurðsins lá yfir öðru torfblönduðu lagi, [21], sem hefur ekki enn verið fjarlægt, en í suðurenda skurðsins lá það yfir að minnsta kosti tveimur hugsanlegum gröfum, [23] sem skar [24], sem báðar höfðu H-1104 gjósku í fyllingunni (sjá mynd 3). Grafið var að hluta niður í [24] til að staðfesta að um skurð væri að ræða, en vegna tímaskorts var ekki hægt að grafa hana alla upp. Því er þörf á frekari rannsókn til að staðfesta með vissu að hér sé um grafir að ræða.

Mynd 3. Grafir(?)



Mynd 4. Svæði 1.

Svæði 2

Svæði 2 nær yfir búðatóft í norðausturhluta Hegranesþingstaðar. Tóftin er mjög greinileg og snýr norður-suður. Austurbrún tóftarinnar er við rofabarðið sem afmarkar austurhlið þingstaðarins, og trúlega hefur tóftin eitthvað skemmst vegna rofs í bakkabrúninni. Svæði 2 var 5,0 x 5,0m að stærð og lá þvert á miðjan vestur langvegg tóftarinnar. Yfirborðslagið þar, [03] lá yfir gjóskunni úr Heklugosinu 1766, og því hefur lítið verið um mannaferðir á svæðinu eftir að sú gjóska féll. Við uppgröft kom í ljós að yfir og umhverfis tóftina voru mikil moldar- og móöskulög með dýrabeinum, sem höfðu myndað lágan garð umhverfis tóftina. Bendir þetta til að rusli hafi verið hent rétt utan við búðina, og er líklegt að reglulega hafi verið mokað út úr henni. Þær minjar sem sjást á yfirboðinu eru því leifar þessara garða eða ruslahauga, en ekki búðatófta. Undir yfirborðslaginu, vestan megin á uppgraftarsvæðinu, utan við þennan garð var [05], 52cm breitt, 5cm þykkt áfokslag sem safnast hafði upp við bakkann.

Mynd 5. Svæði 2

Það var ofan á [07], 15cm þykku torfhrun lagi. Innan við garðinn lá yfirborðslagið hins vegar ofan á tveimur malarsandslögum, [04] og [06]. Þessi lög lágu svo öll yfir [16] sem var 15cm þykkur, 60cm breiður einfaldur torfstrengur sem lagður hafði verið ofan á bakkann. Þessi lög

sem og ruslalögin mynda garðinn umhverfis tóftina. Innan við þennan garð var tekinn prufuskurður í suðaustur horni uppgraftarsvæðisins (0,6 x 3,2m), og þar komu í ljós nokkur móöskulög, [11], [12] og [13], 2-6cm þykk, sem eru hugsanlega yfirborð seinni tíma notkunar á garðinum, en þau eru samtvinnuð við lög sem mynda garðinn (og hafa ekki enn verið fjarlægð) sem bendir til þess að myndun þessara laga og garðsins hefur gerst á sama tíma. Undir þeim var svo uppsafnað moldarlag [14] = [15], 20cm þykk sem lágu yfir eiginlegum veggjum mannvirkisins. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, og hefur torfið verið skorið stuttu eftir að gjóskan úr Heklugosinu 1104 féll, því gjóskulagið í torfinu er um sentimeter á þykkt, en H-1104 gjóskan í Skagafirði er víðast örþunn. Yfir öllum mannvistarlögum lá gjóska úr Heklugosinu 1766, sem þýðir að búðin hefur verið komin úr notkun þegar gjóskan féll. Flest þessara laga hafa ekki verið fjarlægð.



Mynd 6. Svæði 2.

Finds from Hegranesþing 2003

Colleen Batey

Svæði 1/ Area 1

Two finds units were recorded from this trench: <06> from layer [20] is a piece of industrial debris, probably iron slag and <07> from the same context comprises two conjoining corroded iron fragments which may be part of large bent nail. In both cases, further work is required to fully interpret these items, by Scanning Electron Microscopy (SEM) in the case of the industrial debris to determine the nature of the material, and by x-ray for the iron find to determine the precise shape of the item.

Svæði 2 / Area 2

Five find units were recorded from the trench which investigated a booth some distance from the boundaries examined in Svæði 1. Two finds of industrial debris <03> from layer [05] and <04> from layer [06] will require SEM analysis to determine the precise makeup of the debris. Find <05>, from layer [14] is a broken iron nail with apparent distorted flat head, although x-ray may confirm that the head is infact the *in situ* rove and that the head is missing. It is highly corroded, although the shank seems to be circular in section.. Find <01> from layer [04] is potentially the most interesting item recovered. It is a twisted round-scetioned strip of copper alloy which appears to have traces of tinning along one side. It was initially considered possible that this was a fragment of a bracelet, but this is less likely. The two ends are both broken and not cut and apart from the possible tinning, there is no decoration. SEM analysis could also assist with the identifying the metal composition, and if the tinning is indeed confirmed then it would be more likely that the piece is originally part of an item of jewellery or more likely a handle for some domestic vessel.

All the finds recovered are unfortuanetly not chronologically sensitive, and although those from Svæði 2, the booth are potentially more likely to have a domestic function, this is not as clearly defined as might be anticipated. The fragmentary nature of the finds from Svæði 2 confirms that the deposits are midden debris deposits which have been dumped on top of and adjacent to the turf structure of the booth itself.

Mannabein

Mannabein, fundarnúmer <02> fannst í efstu ruslalögum [2] við búðatóftina nyrst á minjastaðnum (Svæði 2). Þetta var brot úr hægri lærlegg úr fullvöxnum einstakling, líklega úr konu (Bass, 1995). Ekki er vitað hvernig eða hversvegna það var við búðatóftina. Ef rétt er að kirkjugarður sé syðst á staðnum (Svæði 1), þá er líklegast að beinið hafi borist úr gröf sem skorin hefur verið af yngri gröf eða við annað rask í kirkjugarðinum. Við það vaknar sú spurning hvort kirkjugarðurinn hafi verið í notkun samtímis þingstaðnum.

Gjóskulagagreining á Hegranesþingi 2003

Magnús Á. Sigurgeirsson

Þann 7. ágúst 2003 voru gjóskulög skoðuð á tveimur sniðum á rústasvæðinu, annars vegar í búð við austurmörk rústaþyrpingar (svæði 2) og hins vegar í garðlagi sunnan til á svæðinu (svæði 1). Um er að ræða lauslega athugun sem framkvæmd var eftir að uppgreftri lauk á svæðinu.

Svæði 1

Í sniðinu í garðinn (túngarður Litla-Garðs ?) mátti sjá gjóskulagið H-1766 yfir honum. Önnur góskulög voru ekki sjáanleg. Hekla-1104 er í torfi garðsins. Hekla-1766 lá einnig yfir grjótlögn í litlu hringlaga gerði við suðurenda túngarðsins. Sennilega mætti fara nær um aldur þessara mannvirkja með því að grafa dýpra og skoða gjóskulög undir þeim.

Svæði 2

Yfir búðartóftinni sást einungis gjóskulagið H-1766 (sjá mynd 7). Í torfi tóftarinnar eru linsur af gjóskulaginu H-1104. Lagið var að minnsta kosti fimmfalt í sniðinu (gróf litla holu niður með sniðinu). Torfið liggur næst ofan á forsögulega Heklulaginu H-3, sem er um 2900 ára gamalt. Allmörg dæmi eru um að gjóskulagið H-3 hafi verið nýtt sem gólflag, eða undirlag gólfs, og kann svo að hafa verið í umræddri búð í Hegranesi. Gjóskulagið leiðir vel vatn og er ennfremur það fínkorna að það þjappast vel við átroðning.

Gjóskulagaathugun bendir til að búðin sé talsvert eldri en H-1766 og hafi verið byggð nokkru eftir árið 1104. Gjóskulagið H-1300 sem er áberandi í Skagafirði var ekki sjáanlegt í torfinu

sem gæti bent til að það hafi verið skorið áður en gjóskan féll. Í ljósi þess má telja nokkrar líkur á því að tóftin sé frá 12.-13. öld. Nær verður ekki farið um aldur tóftarinnar að svo stöddu. Telja má víst að með umfangsmeiri uppgreftri mætti fara mun nær um aldur tóftanna með hjálp gjóskulaga.



Mynd 7. Snið í búðartóft í Hegranesþingi í Skagafirði.

Niðurstöður

Niðurstöður úr þessari rannsókn sýndu að hringlaga garðurinn, sem líklega er kirkjugarður, er að mestu byggður úr torfi eftir 1104, og að hann er eldri en stærri garðurinn sem er byggður úr upphrúguðu sjávargrjóti. Notkun þessara tveggja garða hefur verið hætt þó nokkru fyrir 1766, en að svo stöddu er ekki hægt að segja til um hve löngu.

Rannsóknin á búðatóftinni leiddi í ljós að hún er hlaðin úr grjóti og strengjatorfi sem skorið er stuttu eftir 1104. Hins vegar er sú tóft sem sést á yfirborði leifar garðs sem hlaðist hefur upp úr rusli og útmokstri úr mannvirkinu, líklegast á löngum tíma. Búðatóftin er komin úr notkun fyrir 1766, en að svo stöddu er ekki hægt að segja til um hve löngu fyrir.

Niðurstöðurnar úr þessari forrannsókn benda til þess að Hegranesþingstaður bjóði upp á töluverða möguleika til frekari rannsókna. Enginn heildstæður uppgröftur hefur farið fram á

þingstöðum til þessa, og því má mikið bæta við þekkingu okkar á gerð búða og uppbyggingu þingstaða yfirleitt. Einnig væri áhugavert að rannsaka þróun á landnýtingu á svæðinu, en hún virðist hafa verið nokkuð fjölbreytileg.

Heimildir

Adolf Friðriksson. 1994. *Sagas and popular antiquarianism in Icelandic archaeology*. (Avebury; Aldershot).

Bass, W.M. 1995. *Human Osteology.* (Special Publication No.2 of the Missouri Archaeological Society).

Viðauki 1: Matrix



Viðauki 2: Finds

Number	Unit	Object	Material	Count	Weight (g)
01	04	Vessel	Cu - Composit	1	
02	07	Human	Bone	1	30
03	05	Slag	Iron	2	12
04	06	Slag	Iron	16	73
05	14	Nail	Iron	2	9
06	20	Slag	Iron	1	66
07	20	Nail	Iron	2	177

Viðauki 3: Units

Unit	Type	Area	Description	Material	Process
01	Deposit	1	Topsoil	Undefined	Undefined
02	Deposit	1	Windblown material sealing H-1766 tephra	Mixed Silts	Aeolian
03	Deposit	2	Topsoil	Undefined	Undefined
04	Deposit	2	Gravel rich, sealed by H-1766	Gravel	Surface
05	Deposit	2	Windblown material on outside edges of structure	Mixed Silts	Aeolian
06	Deposit	2	Finely sorted gravel material	Gravel	Surface
07	Deposit	2	Turf collapse and windblown material	Mixed Silts	Collapse
08	Cut	1	Footpath	N/A	Surface
09	Deposit	1	Peat ash	Peatash	Surface
10	Deposit	1	Windblown material, northwest corner	Mixed Silts	Aeolian
11	Deposit	2	Peat ash and charcoal flecks and some gravel	Composite	Surface
12	Deposit	2	Dark ashy charcoal rich deposit	Ash	Surface
13	Deposit	2	Mixed peat ash and charcoal	Peatash	Surface
14	Deposit	2	Brown deposit with H-1104	Mixed Silts	Undefined
15	Deposit	2	Brown deposit with H-1104 (within revetment	Mixed Silts	Undefined
16	Deposit	2	Turf? Wall/build-up	Turf	Wall
17	Group	2	First phase pf structure	N/A	Undefined
18	Deposit	2	Gravel deposit	Mixed Silts	Undefined
19	Deposit	1	Windblown material	Mixed Silts	Aeolian
20	Deposit	1	Mixed turf debris	Mixed Silts	Spread
21	Deposit	1	Turf debris with H-1104	Mixed Silts	Disturbance
22	Deposit	1	Turf debris with H-1104	Mixed Silts	Disturbance
23	Deposit	1	Mixed gravel and turf debris	Composite	Grave
24	Deposit	1	Mixed gravel and turf debris	Composite	Grave
25	Deposit	1	Stone boundary wall	Stones	Wall